




# Háteigur



14. árgangur 7. tbl.

23. ágúst 2010

## HAUSTBRÉF

<http://hateigsskoli.is>

### Frá skólustjóra

Ágætu lesendur

Það er tilhlökkun í okkur öllum að takast á við skólastarfið. Nemendur eru byrjaðir að kíkja við með bros á vör og sumarglampa í augum. Ein stúlka sagði kennara sínum á ganginum að hún vildi alltaf og alltaf vera í skólanum. Unglingsstúlkur litu við hjá skólustjóra brúnar og sællegar og sögðust bara vilja kíkja inn í skólann stutta stund. Þær sögðust hafa átt gott sumar. Það er einlæg von mín að allir hafi átt gott sumar og tekið inn öll næringarefni sem voru í boði, bæði í geislum sólarinnar og næringarríkum ávöxtum jarðar.

Nú er heldur bjartara í samfélaginu en var fyrir ári þó að þrengingum sé hvergi nærri lokið. Skólinn þarf enn að búa við talsverðan samdrátt á ýmsum sviðum en yfirvöld reyna að forgangsraða eins og kostur er í þágu barnanna. Vonandi tekst okkur bæði hér og almennt í landinu að tryggja velferð barnanna því að þeirra er framtíðin og þau eiga ekki að þurfa að þola afleiðingar af óvitaskap sumra fullorðinna sem ekki kunnu fótum sínum forráð. Athuganir á þessu ári benda til að börnum líði almennt betur nú en fyrir hrun og eiga menn sjálfsagt eftir að rannsaka og skilja þann veruleika betur. Kannski er skýringin sú að við höfum almennt flutt börnin framár í forgangsröðina og ef tilgáta mín er rétt þá er það vel.

Við hefjum því árið á mjög bjartsýnum nótum. Við þetta má bæta að það virðist hafa fjölgað í skólanum um 30 nemendur frá síðasta ári og er það almennt gott fyrir skólann. Fjármögnun skólans byggir á reiknilíkani sem er þannig að hverjum nemanda fylgir tiltekin upphæð miðað við aldur og þau verkefni sem hver árgangur fær við. Ef allir mæta sem hafa verið innritaðir þá verða um 390 nemendur í skólanum sem er mjög heppileg stærð. Það er þröngt á þingi eins og sagt er í 9. bekk en þar eru 30 nemendur eins og á síðasta ári. Það gekk vel og báru kennarar hópnum vel söguna. Einnig er 1. bekkur óvenju fjölmennur en þar eru 48 nemendur og í 3. bekk er 51 nemandi. Við þetta bætist svo nokkur fjölgun í öðrum bekkjum.

Það er ánægjulegt að bjóða fjóra nýja kennara velkomna til starfa við skólann; Hildur Helga Kristjándóttir umsjónar-

kennari í 5. bekk, Guðrún Helga Sigfúsdóttir umsjónarkennari í 6. bekk, Sigurveig María Kjartansdóttir umsjónarkennari í 7. bekk og Ragnhildur Sigurðardóttir umsjónarkennari í 8. bekk og dönskukennari á unglingastigi. Þrír kennarar verða í barnburðareyfi í vetur. Helena Pálsdóttir kemur nú aftur til starfa eftir orlofsár. Það er alltaf fengur í því fyrir skólann er kennarar koma til baka eftir endurnýjandi menntun; með þeim blása ferskir vindar. Lára Gísladóttir tekur við myndmenntakennslunni í skólanum en það er merkilegt að greina frá því að sami kennarinn gegndi þeirri stöðu frá því að skólinn tók til starfa hér í þessu húsið haustið 1968. Við kvöddum Sigríði Jónu myndmenntakennara í vor eftir 40 ára farsælan feril. Eins og geta má nærri þá hafði hún kennt nokkrum kynslóðum. Það gerði einnig annar kennari sem við kvöddum formlega í vor, Ragnheiður Hermannsdóttir, sem sömuleiðis hafði starfað hér í 40 ár. Ragnheiður gegnir nú hlutastöðu við skólann; okkur öllum til mikillar ánægju. Ragnheiður var heiðruð af forseta Íslands í vor fyrir farsælan kennaraferil sinn og miðlun á þekkingu sinni með námsbókum og námskeiðshaldi í gegnum árin.

Verkefni okkar er eins og ævinlega að gera góðan skóla betri, þar sem allir taka höndum saman í innihaldsríkum samræðum og samveru börnunum og framtíðinni til heilla. Hjartanlega velkomin til starfa.

Ásgeir Beinteinsson, skólustjóri Háteigsskóla.

### Foreldraviðtöl, starfsdagar og vetrarfrí

Eins og kom fram á skóladagatali sem var sent heim í vor og er á heimasíðunni, verða foreldraviðtöl 12. október og 1. febrúar. Starfsdagar verða 8. október, 3. og 20. janúar, 9. mars og 6. júní. Vetrarfrí verður 21. – 22. október og 21. – 23. febrúar.

### Öryggiseyðublað

Allir nemendur fá í upphafi skólaársins heim með sér öryggiseyðublað. Eyðublöðin nýtast mjög vel til að tryggja að allar upplýsingar um nemendur séu réttar í skrá skólans. Aðalkostur þeirra er að til þeirra getur starfsfólk gripið ef slys eða skyndileg veikindi ber að höndum. Forráðamenn eru beðnir um að sjá til þess að eyðublöðin berist umsjónarkennurum á þriðjudag.

## Minnisatriði í upphafi skóla

Hvers konar notkun farsíma er bönnuð í kennslustofum. Það á að vera slökkt á sínum og þeir eiga að vera í töskum eða vösum. Verði misbrestur á er síminn tekinn af nemanda og hann aðeins afhentur forráðamanni. Farsímar, geislaspláttar og önnur verðmæti eru best geymd heima. Gott er að fá sér inniskó þar sem nemendur fara úr útiskóm við útidyr.

Nemendum 7. – 10. bekkjar gefst kostur á að fá lánaðan læstan skáp gegn 1000 kr. tryggingargjaldi sem fæst endurgreitt þegar lykli er skilað að vori.

Hjólreiðar eru ekki leyfðar á skólalóðinni á skólatíma. Sama gildir um hjólaskauta, hjólaskó, hlaupahjól og hjólabretti.

## Mjólkuráskrift

Mjólkuráskriftartímabilin eru tvö, eitt á hvorri önn. Fyrri áskriftartímabilið hefst fimmtudaginn 26. ágúst og lýkur föstudaginn 14. janúar 2011, samtals 85 skipti. Annars vegar er um að ræða einfalda áskrift (þ.e. einn drykkur á dag sem afhentur er í nestistíma kl. 10:10) og hins vegar tvöfalda áskrift (þ.e. tveir drykkir á dag í nestistíma kl. 10:10 og í hádegi eða í frístundaheimili). Athugið að nemendur sem eru í mataráskrift fá vatn að drekka með matnum þannig að þeim nægir einföld áskrift. Sama gildir um þá sem eru í nestisáskrift í frístundaheimili, þ.e. nestinu fylgir mjólk eða annar drykkur.

Mjólkuráskrift er nú innheimt í einu lagi með greiðsluseðli. Greiðsluseðill berst um mánaðamót september/október og í þeim tilfellum sem börnin eru í mataráskrift er um að ræða sama seðil.

Verð fyrir 85 skipti: einföld tvöföld (2svar á dag)  
Léttmjólk ¼ l 2.800 kr. 5.600 kr.

Fyrsta afhending verður fimmtudaginn 26. ágúst og síðasta afhending föstudaginn 14. janúar. Til staðfestingar eru þeir foreldrar sem óska eftir mjólkuráskrift fyrir börn sín beðnir um að fylla út eyðublað um mjólkuráskrift og skila því til ritara í síðasta lagi miðvikudaginn 25. ágúst. Eyðublaðið er sent heim með nemendum í 1.-4. bekk en aðrir geta nálgast það á skrifstofu eða á heimasíðu skólans undir eyðublað/mjólkuráskrift.

## Heitur matur í hádeginu

Nemendum býðst að vera í áskrift að heitum mat í hádeginu. Mánuðurinn kostar 5000 kr. og er borgað mánaðarlega fyrirfram. Hægt er að segja mataráskriftinni upp með mánaðar fyrirvara. Nú er sótt um á Rafrænni Reykjavík. Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu geta fengið eyðublað á skrifstofu skólans.

## Heimanám fyrir nemendur í 5. – 7. bekk

Eins og undanfarna vetur verður nemendum í 5.-7. bekk boðið upp á að vinna að heimanámi í skólanum. Nánari upplýsingar um verð og fleira verða sendar fljótlega.

## Um einelti

Við líðum ekki einelti í Háteigsskóla. Á heimasíðunni okkar er tengill sem heitir Einelti. Þar er krækja til að tilkynna einelti og þar er því lýst hvernig við tökumst á við það með eineltisáætluninni okkar. Markmiðið er að öllum geti liðið vel í skólanum.

Sigríður, félags- og námsráðgjafi.

## Skilaboð frá íþrótt- og sundkennurum

Íþróttakennarar vilja benda foreldrum á áriðandi skilaboð á heimasíðunni undir „Foreldrar“. Skjalið heitir „Skilaboð frá íþróttakennurum“ og þar er lýst fyrirkomulagi íþrótt- og sundtíma.

## Skólasund veturinn 2010 – 2011

Eins og undanfarin ár verður sundið á föstudögum í Sundhöll Reykjavíkur (fyrir og eftir hádegi) og í sundlaug Austurbæjar-skóla (fyrir hádegi). Einnig verður sund fyrir 5., 6. og 7. bekk á fimmtudagsmorgnum í Sundhöllinni.

Nemendur í 4. bekk eru í sundi allan veturinn og eru tímar þeirra á stundaskrá. Aðrir nemendur (1.-3. bekkur) eru ýmist í sundi á haust- eða vormisseri. Nemendum er ekið milli laugar og skóla. Á föstudagsmorgnum verða nemendur í 4. bekk að vera mættir aðeins fyrr en venjulega því rútan fer frá skólanum kl. 8:15. Nemendur í 1.-3. bekk fara úr kennslustundum frá umsjónarkennurum. Starfsmaður skólans fylgir nemendum 1. - 4. bekkjar í rútnu milli laugar og skóla.

### Föstudagur:

Kl.	Frá skóla	Haustmisseri	Vormisseri
8:30-9:10	8:15	4. HP	4. KR
9:10-9:50	8:55	3. b. drengir	3. b. stúlkur
10:10-10:50	9:55	2. b. drengir	2. b. stúlkur
10:50-11:30	10:35	4. KR	4. HP
11:40-12:20	11:25	Aukatími	
13:00-13:40	12:45	1. b. drengir	1. b. stúlkur

Víxlað verður á 4. bekkjunum 21. janúar, þ.e. 4. KR byrjar þá fyrst á morgnana (mæting kl. 8:15) í stað 4. HP.

Nemendur í 5., 6. og 7. bekk eru í sundi allan veturinn í Sundhöllinni á fimmtudagsmorgnum. Stúlkur í 7. bekk eru í sundi á haustmisseri og mæta beint upp í Sundhöll kl. 8:25. Á vormisseri mæta drengir 7. bekk beint þangað. Nemendum 5.-6. bekkjar er ekið milli laugar og skóla og 7. bekkjar mæta sjálfir í Sundhöll á fimmtudagsmorgnum.

### Fimmtudagur:

Kl.	Frá skóla	Haustmisseri	Vormisseri
8:30-9:10		7. b. stúlkur	7. b. drengir
9:10-9:50	8:55	5. b. stúlkur	5. b. drengir
10:10-10:50	9:55	6. b. stúlkur	6. b. drengir

Nemendur í 8. bekk og 10. SÞS eru í sundi í Sundhöllinni á haustmisseri og eru tímar þeirra skráðir á stundatöflu. 9. bekkur og 10. SA eru síðan á vormisseri.

### Föstudagur:

Kl.	Haustmisseri	Vormisseri
13:40-14:20	8. bekkur	9. bekkur
14:30-15:10	10. SÞS	10. SA

Síðasti sundtími hópa á haustmisseri er 13. og 14. janúar og nemendur vormisseris byrja 21. og 27. janúar.

## Ástundun nemenda

Allir kennarar skrá hegðun og mætingar nemenda í skólanum. Ástundun nemenda 5. - 10. bekkjar verður send heim á u.þ.b. mánaðarfresti. Allir forráðamenn hafa netaðgang að upplýsingum um ástundun barna sinna í Mentor ásamt fleiri upplýsingum sem kennari kys að setja á netið. Slóðin er <http://www.mentor.is>. Á unglíngastigi er skólasóknareinkunn tengd ástundun og birtist hún á prófskríteinum.